

Mál nr. 480/2025**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V1) og (V2)****Heiti vátryggingar: Kaskótrygging ökutækis.****Skráningarnúmer ökutækis (A) og (B)****Bótaréttur. Frávísun****Gögn.**

1. Málskot móttakið 18. desember 2025, ásamt fylgiskjöllum.
2. Athugasemdir V1, dags. 7. janúar 2026.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 20. apríl 2026.
4. Viðbótargögn frá V1, send 27. maí 2026.

Málsatvik.

Í málskoti og gögnum málsins kemur fram að árekstur hafi orðið á milli bifreiðanna A, sem M ók og er kaskótryggð hjá V1, og B, sem er vátryggð hjá V2, á Fossavegi við Bugðufliót þann 15. nóvember 2024. Atvikum er þannig lýst í málskoti að B hafi verið ekið aftan á A þegar M hafi ætlað að hægja á A og aka út í vegkant vegna mikillar hálku á veginum. Málið var lagt fyrir tjónanefnd vátryggingafélaganna sem komst að þeirri niðurstöðu að leggja bæri alla sök á árekstrinum á ökumann B. V2 hafnaði því hins vegar að greiða bætur úr ábyrgðartryggingu B. Í framhaldinu leitaði M til V1 sem hafnaði því einnig að M ætti bótarétt úr kaskótryggingu. M sem sættir sig ekki við þá niðurstöðu V1 gerir þá kröfu í málskoti að fá tjónið á A bætt úr kaskótryggingunni hjá V1. Er tekið fram í málskoti að enginn rökstuðningur hafi komið frá V1 af hvaða ástæðu bótaskyldu sé hafnað. Þá hafi engin gögn verið lögð fram af hálfu V1 sem sýni að M hafi sýnt af sér gáleysi sem réttlæti skerðingu eða niðurfellingu bóta.

Í athugasemdum V1 til nefndarinnar er þess krafist að málinu verði vísað frá nefndinni á grundvelli a- og g-liða 4. gr. samþykktar nefndarinnar. Vísar V1 til þess að V2 hafi hafnað niðurstöðu tjónanefndar og kært málið til lögreglu þar sem grunur hafi vaknað um vátryggingasvik við nánari skoðun á málinu. Í kjölfarið hafi V1 einnig kært málið til lögreglu og hafnað bótaskyldu úr kaskótryggingu A. Telur V1 ljóst að þar sem málið hafi verið kært til lögreglu heyri ágreiningurinn undir embætti lögreglunnar á Höfuðborgarsvæðinu. Einnig telur V1 að vísa beri málinu frá þar sem málið sé illa upplýst en rannsókn lögreglunnar sé ekki lokið og hafi niðurstaða rannsóknar verulega þýðingu við úrlausn málsins. Með vísan til framangreinds telur V1 að vísa beri málinu frá nefndinni. Auk þess áskilur V1 sér rétt til að svara málsástæðum M í annarri greinargerð fallist nefndin ekki á frávísunarkröfuna.

Í viðbótarathugasemdum M er framangreindum athugasemdum V1 mótmælt. Bendir M á að ágreiningurinn sé af einkaréttarlegum toga, þ.e. snúist um bótaskyldu úr kaskótryggingu A samkvæmt þeim skilmálum sem gilda um trygginguna og lögum um vátryggingarsamninga nr. 30/2004. Úrlausn slíks ágreinings heyri samkvæmt lögum ekki undir stjórnvöld, heldur beinlínis undir úrskurðarnefndina, sbr. 3. gr. samþykktar nefndarinnar, þar sem fram komi að nefndin fjalli um ágreining varðandi bótaskyldu auk annars ágreinings sem varðar ákvæði laga um vátryggingarsamninga. Þó V1 hafi kært málið til lögreglu færist einkaréttarlegur ágreiningur um bótaskyldu ekki undan valdsviði nefndarinnar. Þá sé ekki að finna heimild í samþykktum nefndarinnar til þess að fresta máli á slíkum grunni og því verði að taka málið til efnislegrar meðferðar. Þetta hafi nefndin sjálf staðfest í sinni framkvæmd, m.a. í úrskurði í máli nr. 73/2020. Í þeim úrskurði hafi nefndin hafnað sambærilegri frávísunarkröfu og tekið mál til efnislegrar afgreiðslu þrátt fyrir yfirstandandi lögreglurannsókn og tekið fram að í samþykktum hennar væri ekki að finna heimild fyrir frestun máls á slíkum grundvelli. Því hafi málið verið tekið til efnislegrar afgreiðslu og viðurkennd bótaskylda viðkomandi vátryggingafélags. Yrði túlkun V1 lögð til grundvallar væri M sviptur rétti til málsmeðferðar með því einu að leggja fram lögreglukæru, án nokkurra hlutlægra sönnunargagna. Slík niðurstaða stangaðist á við tilgang nefndarinnar skv. 1. gr. samþykktanna og væri það fráleit staða fyrir tjónþola. Telur M að því beri að hafna frávísunarkröfu V1 á grundvelli a-liðar 4. gr. samþykktanna. Hvað varði frávísunarkröfu V1 á grundvelli g-liðar 4. gr., þ.e. að málið sé „illa upplýst“ og að niðurstaða lögreglurannsóknar hafi „verulega þýðingu við úrlausn málsins“, bendir M á að málið sé vel upplýst. Vísar M í tiltekin gögn því til stuðnings.

Í gögnum sem V sendi nefndinni 27. maí sl. kemur m.a. fram að kæra hafi verið send lögreglu út af framangreindum árekstri og að málið sé þar til rannsóknar.

Álit.

V1 krefst þess að málinu verði vísað frá á grundvelli a- og g-liða 4. gr. samþykktar nefndarinnar. Í samþykktum fyrir nefndina, kemur fram í a-lið 4. gr. að nefndin fjalli ekki um ágreining sem samkvæmt lögum heyrir undir stjórnvöld. Samkvæmt 3. gr. samþykktanna heyra mál undir starfssvið nefndarinnar sem varða réttarágreining um vátryggingarsamninga eða annan ágreining sem lýtur að dreifingu vátrygginga eða vátryggingarstarfsemi að öðru leyti. Nefndin fjallar um ágreining varðandi bótaskyldu, þ.m.t. sök og sakarskiptingu, milli málskotsaðila og varnaraðila. Ágreiningur um bótaskyldu úr kaskótryggingu ökutækis heyrir þannig undir nefndina. Í þessu máli hefur V1 neitað að greiða bætur úr kaskótryggingu A þar sem grunur hafi vaknað um vátryggingarsvik í tengslum við áreksturinn milli A og B. Því hafi málið verið kært til lögreglu þar sem það sé enn til rannsóknar.

Játa verður vátryggingafélögum ákveðið svigrúm til að bregðast við þegar upp koma rökstuddar ábendingar um möguleg vátryggingarsvik, enda eru slík mál þess eðlis að lögregla hefur sérþekkingu og rannsóknarheimildir sem nefndin hefur ekki. Þegar mál er komið til formlegrar rannsóknar hjá lögreglu er því eðlilegt að ætla lögreglu að ljúka sinni rannsókn áður en tekin er efnisleg afstaða til þeirra atvika sem liggja til grundvallar álitu nefndarinnar. Þannig liggur fyrir að afstaða nefndarinnar til greiðsluskyldu V getur ráðist af þeirri niðurstöðu sem fæst í opinberri rannsókn málsins. Að því virtu verður ekki á það fallist að nefndin taki efnislega afstöðu á meðan rannsókn lögreglu stendur yfir. Með vísan til a-liðar 4. gr. samþykktar nefndarinnar verður málinu því vísað frá meðan málið er til rannsóknar hjá lögreglu.

Niðurstaða.

Máli M er vísað frá úrskurðarnefnd í vátryggingamálum.

Reykjavík, 9. júní 2026
rafræn undirritun

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Anna Lilja Ragnarsdóttir